



4. apríl 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 977. mál á 153. löggjafarþingi

Stimpilgjald (kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði)

Hagsmunasamtök heimilanna hafa ávallt verið hlynnt afnámi stimpilgjalda af viðskiptum einstaklinga með íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ákveðið skref í þessa átt náðist með setningu nágildandi laga um stimpilgjald nr. 138/2013 sem gerðu lánaskjöl stimpilgjaldsfrjáls og drógu þannig úr hindrunum fyrir hreyfanleika neytenda á fjármálamarkaði. Með frumvarpi þessu er lagt til að gengið verði enn lengra þannig að skjöl er varða kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði verði undanþegin stimpilgjaldi.

Eins og 2. gr. frumvarpsins er orðuð myndu öll kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði verða undanþegin stimpilgjaldi en ákvæðið einskorðast ekki við íbúðarhúsnæði til eigin nota. Undanfarin misseri hefur borið mikið á því að einstaklingar fari um og kaupi upp íbúðarhúsnæði sem þeir ætla aldrei að búa í sjálfir heldur að hagnast á því með útleigu og hækkun fasteignaverðs. Þetta hefur dregið úr framboði húsnæðis fyrir fólk sem leitar sér að heimili og jafnvel eru dæmi um að fjárfestar hafa yfirboðið fyrstu kaupendur í slíkum viðskiptum og komið þannig í veg fyrir að fólk geti komið þaki yfir höfuðið þó það séu grundvallarmannréttindi. Ástæðulaust er að ívilna slíkum aðilum heldur ætti ívilnunin mun frekar að einskorðast við kaup einstaklinga á íbúðarhúsnæði til eigin nota, til að ryðja hindrunum úr vegi fyrir fólk í leit að heimili og veita því ákveðið forskot á spákaupmenn á húsnæðismarkaði.

Samkvæmt framangreindu leggja Hagsmunasamtök heimilanna til að við efnislið 2. gr. frumvarpsins bætist orðin: “til eigin nota”. Samtökin myndu heilshugar styðja frumvarpið þannig breytt.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is